



ÚR DAGBÓK FERÐAMANNS

(1898)

Það er upphaf þessa máls, að ég lagði af stað upp í sveit einn góðan veðurdag í júlímánuði, til þess að njóta sumarsins og eftir ástæðum athuga það, sem landið vildi sýna mér.

Hafði ég helzt í hyggju að veita eftirtekt vegsummerkjum jökulsins mikla, er til forna huldi land allt. En er hann tók að bráðna, náði hafið langt inn í land og var þá Suðurlandsundirlendið í sjó allt eða mest allt. Þetta, að flói mikill hafi skorizt inn í landið, þar sem nú er Suðurlandsundirlendið, hafa menn vitað allt frá því Sveinn Pálsson lét þá skoðun í ljósi, en hitt, hvað hátt og langt þessi fjörður hafi náð inn í landið, eða hvar efstu, fornu fjöruborðin séu, er mönnum miklu ókunnara um. Í Ölfusinu kringum Ingólfsfjall og nálægt bænum Hjalla eru fornir malarkambar og strandlínur, er sýna, að á þeim svæðum hefir um tíma verið takmarkalína lands og sjávar, og hefir dr. Þorvaldur Thoroddsen um það ritað. En það eru ekki efstu sjávarmörk, sem maður sér í Ölfusinu, fjaran hefir aðeins verið þar um stund, er hlé varð á rénun sævarins, eða réttara sagt, á því, að landið risi úr sæ. En við undirlendið ofanvert hefir mönnum verið ókunnugt um forn sjávarmörk, strandlínur eða

malkamba og þess háttar, og lék mér því ekki sízt hugur á að athuga, hvort efsta fjöruborð sæist nokkurs staðar á vegi mínum, og yfir höfuð að tala allar menjar þessa forna flóa.¹⁾

Á landið kringum Reykjavík skal lítið minnzt, þar eð ég hefi hugsað mér að tala um það í annað sinn. Malarhjallarnir við Elliðaárnar eru alkunnir; þeir urðu til, er árnar ristur niður úr hinum forna sjávarbotni, er landið reis úr sjó. Í ofaniburðargryfjum við veginn skammt frá ánum má fá ýmsar upplýsingar þar að lútandi. Neðan til í gryfjuveggnum eru lárétt lög af leir og sandi; þessi lög mynduðust í botninum í vík einni, og í leirlögunum lifðu margar sandmigur (*mya truncata*); þær grafa sig í leirinn eða sandinn á sjávarbotni, en eru útbúnar með löngum trjónum eða pípum, sem þær teygja upp að yfirborðinu, til þess að geta andað. Oftast nær er ekkert eftir af dýrinu þarna í gryfjuveggnum nema þessi trjóna, en stundum hefir líka varðveitt yzta húðin utan af skelinni, en sjálf kalkskelin er uppleyst og öll á burt. Ofan á leirlögunum eru hallandi lög af mól og sandi. Landið hélt áfram að rísa úr sjó, og þarna varð um tíma fjara. Sand- og malarlögin eru gegnum skorin fjörulög, því að þeim hallar yfir höfuð að tala út að sjónum. Þetta er ekki langt frá 100 fetum yfir núverandi fjöruborð.

En ég læt hér staðar numið að róta í jörðinni að sinni og sný mér að himninum. Hann var eins skemmtilegur útlits það kvöld og íslenzkur sumarhiminn ætti að vera oftast en er. Upphvolfið blíðlega blátt, með silfurhvítum skýjaslæðum hér og hvar; niður eftir lýsist loftið og verður einhvern veginn kuldalega tært og grænbleikt, og í lofthafinu synda langir, brúnhvítir skýjatangar og eyjar. Víður fjallhringurinn með sínum sterkbláu litum og hvítu fannablettum, Hólmsá, sem eins og stálblátt band líður um hvanngærnar tungur, rauðgráar melbringur og holtin, þar sem spóarnir tylla sér upp á steinana og vella og fljúga svo á stað með þessum einkennilega vængjaburði, sem er rétt eins og þeir vilji telja manni trú um, að þeir eigi svo

1) Í fyrra sumar fann ég efstu sjávarmörk á Grænlandi, og höfðu menn ekki áður tekið eftir þeim þar. Maður kemst fljótt að því, að þess háttar rannsóknir eru erfiðari hér á landi, jarðvegurinn er svo miklu meiri, og „tönn tímans“ festir stórum betur á bergtegundunum hér en þar, svo að vegsummerki fornra viðburða í sögu landsins eyðast og verða ógreinileg.

fjarska annríkt, allt þetta var svo einkennilegt í síðdegisbirtunni, að því verður varla lýst.

Klettarnir í hrauninu fyrir sunnan Lækjarbotna heita Tröllbörn. Þegar seig eldleðjan rann út á votlendið, myndaðist snögglega mikið af vatnsgufu, hraunið belgdist upp hér og hvar; blöðrurnar sprungu, en hraunleðjan var orðin svo seig, að blöðrurnar náðu ekki að síga niður aftur og mynduðust þannig katlarnir; innan á ketilveggjunum eru einlægar smáfellingar, drönglar og dropar, rauðbrúnir og brúnsvartir, því líkast álitum, sem þetta væri þykk tjara.

Næsti dagur var sannnefndur sumardagur, einn af þeim dögum, sem gerir mönnum skiljanlegan þann sterka gleðihljóm, sem er í orðinu sumar.

Á melholti, sem er ekki langt frá veginum yfir Sandskeiðið, má sjá gamalt vatnsborð; það er melur svo langt sem vatnið hefir náð, en mætti fremur kallast holt þar fyrir ofan. Á holtinu er klöpp ísnúin, og verður af ýmsu ráðið, að vatninu hafi aldrei skolað yfir hana. En yfir Sandskeiðinu og græna flákanum með efri vötnunum hefir áður verið vatn og það býsna víðáttumikið, og eru glampanði bláspeglar Efrivatnanna, sem prýða svo mjög landið, leifar af því stóra vatni. Strandlínan á holtinu liggur hér um bil 20 fetum yfir Sandskeiðið, og má af því ráða, að endalok þessa forna vatns urðu þau, að það tæmdist, en ekki svo, að vatnsskálina fyllti af árburði, eins og oft verður. — Það væri gaman að geta lýst þessum fallegasta degi á sumrinu að maklegleikum, en það er einskis meðfæri nema afbragðs málara, og þó varla. Því ekki gæti pensillinn gefið mönnum hugmyndum, hvernig t. a. m. himinbláminn breyttist og mýktist, þegar sólin hækkaði á loftinu, eða hvernig allt í einu brá nýjum ljóma yfir landið, þegar tindrandi hvít jökulhvelving yfir bláum hömrum gægdist upp yfir sjóndeildarhringinn, og undir eins sást fagurblá sævarbrún í lægð milli hálsa.

Í austri gnæfir sú hin mikla mynd
hátt yfir sveit og höfði björtu svalar
í himinblámans fagurtærri lind.

Yndislega kemst Jónas Hallgrímsson þarna að orði, og þó mætti finna það að því, að þegar himinn er fagurtær, er hann ein-

mitt ekki blár, heldur grænleitur eins og þarna uppi yfir Langjökli.

30 km steinninn, ofarlega í Svínahrauni er úr mjög fallegu, brúnu, hörðu móbergi, og er það líklega mjög gott til bygginga. Maðurinn á Hólnum sagði steinninn tekinn úr fjalli þar skammt fyrir sunnan.

Það er annars fjarska margs konar móberg til á Íslandi; megnið af því mun hafa komið upp úr eldgjám eða eldfjöllum og var þá aska og hraunmolar, sem síðar hefir límzt saman og orðið að föstu bergi. En auk þess er til móberg, sem myndast hefir við sjávarstrendur, í ám eða vötnum, og loks undir jöklum ísaldarinnar. Í Bolöldu fyrir neðan Svínahraun sést móberg með vatns- og ísnúnum hnallungum, og er það að öllum líkindum hörðnuð botnurð jökulsins mikla. Það væri ekki lítið fróðlegt, ef til fulls yrði kunnur móbergspátturinn í sögu landsins, en þess mun nú langt að bíða.

„Dag skal að kveldi lofa“. Þegar komið var austur í Kamba, dró upp dökk og bólgin ský, er skyggðu yfir landið, svo að það varð dapurlegt útlits. Fallegur er Kambavegurinn nýi og sviplíkur norskum vegum.

Næsti dagur rann upp með storm og beljandi rigningu, en veðrið lagaðist eftir dagmálin.

Frá Kögunarhól var skrýtið að líta yfir landið. Eyrarbakka og hverfin þar suður frá hillti uppi og var því líkast, sem hið forna flóðástand væri aftur komið, en byggingarnar stæðu upp úr vatninu.

Gott var það, að Ölfusárbrúin skyldi standast heljarátök jarðskjálftanna, og er það furða, hvað lítið hún hefir látið á sjá. Í hraunklöppinni við eystri brúarsporðinn eru margir skessukatlar, og hafa hringiðurnar sorfið þá í bergið, þegar árfarvegurinn lá nokkru herra en nú.

Mikið er af fuglum í Flóanum, en annars er hann fremur leiðinlegur yfirferðar og hefir þó nýi vegurinn bætt fjarska mikið úr skák.

Í bakkanum upp með Þjórsá eru margar sprungur eftir jarðskjálftana.

Svo hefir mér verið sagt, að það hefði verið í ráði, að „ná

upp“ Þjórsá einhvers staðar ekki langt frá Skeiðháholti og veita henni yfir Skeiðin. Og maður þarf ekki að vera búfræðingur til þess að manni blæði í augum öll sú fosfórsýra og annar áburður, sem Þjórsá nú þungum straumi flytur í haf út, og hefir flutt um margar aldir. 80.000 kr. var áætlað að fyrirtækið mundi kosta. Ill er fátæktin, að geta nú ekki kostað þessu fé til, því að ekki er ástæða til annars en ætla, að því mundi vel varið. Maður sér í anda nautahjarðirnar vaðandi í kafagrasi á þessu sléttlendisflæmi, þar sem nú allt of víða eru gishærðar mýrar eða sköllóttar móaþúfur.

Það er skemmtilegt að líta upp í Hreppana, neðan af Skeiðunum. Fellin eru svo falleg og margbreytileg og mæna eins og borgir eða kastalar yfir grænt sléttlendið.

Og stórhöfðinglegt bæjarstæði þykir mér, þar sem Þrándarholt er. Hár, túngrænn, breiður hjalli og brattur hamar fyrir ofan. Hjallinn gengur út undan fjallinu í löngum rana, og liggur svo inn með því að vestan. Neðan að séð, virðist bærinn Skarð liggja á sama hjallanum.

Þenna hjalla hafa öldurnar byggt, þegar þær gengu lengst á land upp, eftir ísöldina, og eru einmitt þarna að öllum líkindum fundin efstu sjávarmörk við Suðurlandsundirlendið.

Grjótið í Þrándarholtshjallanum er mjög vatnsbarið, alveg eins og fjörugrjót, og sést það á einum stað, þar sem jarðveginn hefir blásið af. Árhjalli getur þetta ekki verið, því að hér er opið, flatt land fyrir framan; á hjallanum inn með fjallinu að vestan er grjótið ekki nærri eins hnöttótt eða vatnsbarið, og kemur það vel heim við, að þar hlýtur að hafa verið lygn vík, en á rananum út af fjallinu hefir verið miklu meiri öldugangur. Bakkinn að Þjórsá þar austur af er allhár, og eru í honum hallandi lög af möl og sandi, sem hefir harðnað og orðið að molabergi (konglomerat). Eru þetta auðsjáanlega gegnum skorin gömul fjörulög. Undir bakkanum utar eru lárétt leirlög, og hefir leirinn þar lagzt fyrir á sléttum sjávarbotni fyrir utan brimgarðinn. Til þess nú, að sönnunin væri fullkomin, þurfti að finna leifar af sjávardýrum í leirnum, en það fann ég ekki, enda var tíminn stuttur og hvergi nærri leitað til þrautar. En þó að nú aldrei fyndust þarna neinar dýraleifar, þá væri ekki með því sannað, að lögin hefðu ekki myndazt í sjó. Ég get ekki

hugsað mér, að annar kraftur en öldur sjávarins hafi byggt þenna hjalla. Að þarna hafi verið stöðuvatn virtist eftir öllu landslagi óhugsanlegt.

Yfirborð Þrándarholtshjallans er 62 fetum hærra en mýrin fyrir neðan, en líklega undir það 300 fet yfir sjó. Fjöruborð gamalt við Kögunarhól í Ölfusi er kringum 130 fet yfir sjó, eða líkt og hjallarnir eða strandlínurnar nálægt Reykjavík.

Ekki fann ég efstu sjávarmörk nema á þessum eina stað, en ýmsa staði sá ég álangdar, sem mér leikur grunur á, en fékk ekki tækifæri til að koma á þá og rannsaka þá í þessu tilliti; hefir landið til forna verið mjög vogskorið um þessar slóðir og Þrándur gengið langt fram eins og sæbrattur höfði.

Engin sveit finnst mér eins skemmtileg og Hrepparnir; er einkum fallett niður með Laxá og yfir höfuð að tala Laxárdalurinn. Þar eru skruðgrænir hvammar og vallendis-brekkur og grasið svo mjúkt og þétt, að það er eins og grænn flauelsdúkur liggja yfir landinu, og hafi hann sigið í fellingar neðst í hliðunum. Eða að sjá upp eftir Laxárdalnum úr Skipdal. Þaðan ber lítið á gráum grjóteyrnunum, en því meir á rennsléttum graseyrnunum og fagurgrænum múlunum, sem liggja eins og prýðilegur pallur undir fjallshlíðinni með hvítum smáablettum og silfurgráum laufskellum. Þá eru Hábrekkurnar og fyrir ofan þær, enn aðrar svellandi brekkur, en einna fallegastur tilsýndar er þó hjallinn, sem Sólheimar standa á, eggsléttur og túngrænn, með Katlagljúfrið svart á aðra hlið, en fyrir framan glampar á ána.

Svo eru lækirnir. Sumir eru sannnefnd fossagil, sem stökkva í hvítum fossbunum úr einum golgrænum hylnum í annan; aðrir eru sléttlíðandi lækir, sem liðast eins og lokkar niður eftir hliðinni um græna hvamma.

Það er óvísða eins skemmtilegt og í svona gilhvammi. Lækjar-niðurinn er eitthvað svo ljúfur og þægilegur fyrir þreyttan heila; hann er blíður eins og hörpuhljómur og þó óma þar í rauninni saman margar raddir. Þarna stiklar lækurinn hljómskær en veikróma yfir steina, þarna bylur dimmrödduð fossbuna í hyl undir bakkanum, og að ofan og neðan kveða við hljómar með enn öðrum blæ. Og í hvömmunum eru mjög falleg

blóm, en prýðilegastur er þó fjallafífillinn, þar sem hann hvolfir bleikrauðri blómklukkunni.

Alltaf vantar eitthvað þar, sem ekki sér til fjalla. Og þetta er t. a. m. stór galli á dönsku náttúruvegurðinni, sem getur verið svo blíð og unaðsleg. En það er einhvern veginn eins og maður heyri þar aðeins eina rödd úr lagi, það vantar undirraddirnar, sem prýða og magna lagið svo mjög. Lík áhrif finnst mér fjalla-sýn hafa á fegurð þess staðar, sem maður er á; það er eins og hún verði fyllri og áhrifameiri.

En úr þessari sveit sér vel til fjalla. Í vestri dimmblá Laugar-dalsfjöllin, og má þar stundum sjá hvítstrókinn úr Geysi bera hátt við blámann, í norðri sjást jökulteygingar fram á milli blárra fella, en í austri er Hekla. Blásvört og hvítskjöldótt gnæfir hún upp yfir öll undirfellin, ferleg eins og Miðgarðs-ormur, er hann skýtur kryppunni ofar sjó, og þó fögur. Skógur er ekki í Hreppunum fyrr en uppi í Þjórsárdal, en ekki saknar maður hans, þar sem vallendisgróðurinn er, því að enginn gróður, ekki einu sinni birkið, sem þó er skóga prýði, fer hlíðinni betur en þetta stutta, þetta gras. En til þess að kunna að meta það, þarf maður eiginlega að hafa séð skóg. Ég man að ég hafði gert mér miklar vonir um, hvað það væri fallett að sjá fjöllin klædd í furuskóg. Og svo þegar ég kom til Noregs, þótti mér, furuskógurinn bara lýta fellin; hann var allt of svartur og reis eins og úfið strí upp af fellakollunum.

Eins og annars staðar á Íslandi má í Hreppunum sjá allt of marga blásna mela og brúnsvört flög. Það lítur nærri því út fyrir, að jarðvegurinn hafi verið allt of þykkur, vindurinn nær sér svo vel niðri á þessum háu moldarbörðum. Undarlegur er annars þessi þykki jarðvegur, 5–6 álna há moldarbörð og þaðan af meira.

Í Hreppunum er mikið af vikri í jörðu og ber einkum mikið á svörtu vikurlagi, 4–5 þuml. á þykkt og á nokkurn veginn sléttu, $\frac{3}{4}$ –1 alin í jörð. Það er ekki ólíklegt, að þetta lag hafi myndast við Heklugosið mikla 1341. Þetta vikurlag virðist eins og gera uppblæstrinum léttara fyrir, vatn á svo hægt með að komast eftir því, og það losnar mjög auðveldlega undan börðunum; það lítur að minnsta kosti oft svo út, sem jarðvegurinn sé skorinn af um þetta lag.

Ég held að það verði affarasælli gróður, sem myndast á melunum nú, eftir að þykki jarðvegurinn er blásinn burt, en melarnir eru margir hverjir að gróa upp.

Þá sný ég mér aftur að Laxá. Með því að skoða eyrarnar og hjallana má verða margs vísari um sögu dalsins, og skal minnzt á sumt af því hér, en það mundi gera þessa ritgerð allt of langa, ef ég setti hér fram allar athuganir mínar, og skal þó með því engan veginn sagt, að málið sé rannsakað út í æsar.

Það er þá fyrst, að þarna hafa líklega upprunalega verið veilur eða sprungur í jörðunni, sem létu undir með vatninu og ákváðu stefnu dalsins. Í eggjunum á Hlíðarfjalli er blágrýti, en undir því kemur fram þursaberg (móberg, breccía). En þetta móberg liggur hærra en Núpstúnsfjall; efst í því er líka blágrýti, líklega sama blágrýtislagið og í Hlíðarfjalli, en jörðin hefir sprungið og vestari hlutinn sigið niður; sprungan liggur einhvers staðar undir Laxárdalnum, og er ólíklegt mjög, að þar hafi nokkurn tíma verið opin gjá, en veila hefir þar náttúrlega verið. Þegar maður horfir vestur yfir af Hlíðarfjalli, blasir við í ytri Hreppnum fjöldinn allur af brún-svörtum hamrabeltum með grænum brekkum undir, en grænir flákar á milli. Þessi hamrabelti stefna frá útsuðri til landnorðurs, og benda á það, að landið sé allt sprungið sundur, en til sprungnanna segja bezt hverareykirnir, sem sjást hér og hvar.

Frumdrættirnir í landslaginu, stefna fjallanna og ána, er þannig ákveðin af sprungum.

Fyrir neðan eggjarnar á Hlíðarfjalli taka við melöldur, en klapparholt sums staðar. Þar hefir vatnajökullinn mikli, er til forna huldi land allt, markað sér landslagið. Holtin hafa verið ísnúin og eru löguð þannig af jöklinum, að þau minna dálítið á hvalsbak, sem hvelfist upp úr sjó; en nú er raunar aðeins lítið eftir af yfirborðinu ísnúna, frostið hefir sprengt það upp og búið til úr því eggjagrjót, en aðallögun klapparinnar ber þó menjar jökulsins. Melöldurnar eru jökulurð gömul, og má á þeim sjá, að mikið vatn hefir runnið fram undir ísnum, sumt grjótið er vatnsnúið, en sumt rispað og núið af jöklinum.

Svo þegar kemur neðar í hlíðina, fara að verða fyrir manni menjar eftir ána. Malarlögin, og þó einkum sandlögin, sem myndast í árfarvegum, eru svo einkennileg, að það er lítil hættu

á því, að það verði villzt á þeim. Áin hefir stundum hlaðið undir sig sandi og möl, en stundum skorið niður úr öllu saman, og hafa þannig komið fram hjallarnir. Efsti hjallinn er hér um bil 300 fetum (296 f.) fyrir ofan ána, en mikið af þeim hjalla hefir áin borið burt aftur, og vill það oft verða, að árnar eyða því, sem þær hafa byggt upp, og gera mönnum með því erfiðara fyrir að rekja sögu þeirra; leysingarvatnið hefir hér og hvar skolað úr þessum hjalla og gert hann torkennilegan.

Það er eftirtektavert, að þessi hjalli liggur álíka hátt yfir Laxá þar fyrir neðan og Þrándarholtshjallinn yfir sjávarmál; en það hefir verið rétt eftir ísöldina, að árfarvegurinn þarna lá 300 fetum hærra en nú (eða dálítið meir, því að allra-efstu leifar af árgrjóti liggja nokkrum fetum ofar en melurinn) og sjórinn skolaði þar um, sem nú er túnið í Þrándarholti og gekk einhvers staðar upp undir Hrepphóla, en hvert, get ég ekki sagt nákvæmlega, þó líklega mætti takast að finna það, ef skoðað væri nógu vel. Áin hefir skorið sig niður að því skapi sem landið reis úr sjó, og bætt við sig þeim spottanum, sem liggur á lág-lendinu.

Næsti hjalli liggur 230 fetum hærra en áin. Áin hefir líka tekið mestan hluta hans af, en það, sem eftir er — Bjarnarhagamelurinn svo nefndur — er einkar fallegur hjalli, rennsléttur að ofan með ágætlega vatnsnúnum steinum, fremur smáum. Á melunum er jarðvegstorfa, á að gizka 5—6 álna há og varla mikið meira á lengd eða breidd. Lýður hreppstjóri í Hlíð, sem nú er kominn að sjötugu, segist muna vel eftir því, að jarðvegur hafi legið yfir mestum hluta melsins, og hefir þetta ágæta hjalla-brot geymzt svona vel einmitt vegna þess, að það til skamms tíma hefir verið hulið jarðvegi.

Síðan þessir hjallar mynduðust, hafa orðið talsverðar breytingar á landslagi, auk þeirra, sem sjálf áin hefir gert. Þannig er það t. a. m. auðséð, að landið fyrir vestan ána hefir sigið og lækkað að miklum mun, eftir að áin lá svo hátt sem efstu hjallarnir segja.

Ekki þori ég að segja neitt með vissu um það, hvar þessi elzta á hefir fallið út í sjóinn, en líklega hefir það ekki verið þar, sem áin nú kemur út á sléttlendið, fyrir neðan Hrepphóla eða þar nálægt. Allar slíkar rannsóknir eru miklu auðveldari

þar, sem eru til stór og nákvæm kort af löndunum.¹⁾ Uppdráttur Íslands er gerður í svo litlum mælikvarða, og öll landslagsteikning þess vegna svo fjarska ónákvæm og ónóg, að hann veitir engan stuðning við þetta.

Eftir að 230 feta hjallinn myndaðist, hefir áin dýpkað farveg sinn um mjög langan tíma. Næsti hjalli er 60–70 fet yfir ána (fyrir ofan Múlahornið svo nefnt 63 fet). Af þessum hjalla er mikið til enn þá, talsvert af Múlunum og fallegi hjallinn, sem Sólheimar standa á. Múlarnir hafa þó við aldurinn mikið aflagast, gil hafa skorizt í gegnum þá og skriður runnið á þá, og hafa þannig myndast bungur og brekkur. Það er einkum á þessum bungum, sem smárinn heldur til. En Sólheimahjallinn hefir lítið afmyndast og er mjög sléttur að ofan, eins og áður er sagt. Með því skal þó ekki sagt, að engin þúfa sé til á honum.

Landið fyrir vestan ána hefir verið sokkið áður en 63 feta hjallinn myndaðist. Áður en það gerðist hefir áin líka verið farin að renna milli Háholtsfjalls og Hólahnúka. Hrepphólagljúfrin voru þá ekki til og hefir verið foss allmikill í ánni um þær slóðir, svo að ekki hefir hún verið laxá fyrir ofan hann. Hvað langt fossinn hefir verið frá sjó er ekki gott að vita, en líklega hefir verið fjarað langt út af Þrándarholtshjallanum, þegar áin rann 60–70 fetum ofar en hún gerir nú.

Múlarnir vestan í Hlíðarfjalli eru skeyttir saman af tveim hjöllum, sem ekki eru jafngamlir, 63 feta hjallanum og öðrum, sem liggur undir 40 fet yfir ána. Hefir það atvikast þannig, að þegar áin var á því skeiði, hefir hún lagzt mjög austur að hlíðinni og skorið burt á nokkru svæði 63 feta hjallann (núverandi), en það sem eftir varð í skarðinu er nú 40 feta hjallinn. Seinna hefir áin sums staðar skorið burt bæði 63 feta hjallann og 40 feta hjallann, eins og t. a. m. fyrir neðan Bjarnarhagamelinn.

1) Af Danmörku eru til kort í mælikvarða $\frac{1}{20000}$ og sýnir það mis-hæðir, sem nema aðeins fáeinum fetum. Mælikvarði Íslands-uppdráttarins er, eins og kunnugt er, $\frac{1}{480000}$. En það er líka talsverður munur á því, hvernig þessi kort eru til orðin. Íslands-uppdráttinn gerði einn maður í tólmstundum sínum, má segja, og er það líklega einhver ódýrastí landsuppdráttur, sem til er. Að Danmerkur-kortinu hefir unnið heill flokkur manna, sem ekki hefir annað starf á hendi, og hefir verið varið til þess ærnun peningum.

Út með ánni, sunnar en Múlarnir, ber mikið á 40 feta hjallanum, og er einkum Stóranesið svo nefnt sérlega falletg.

Fyrir neðan Múlana og Stóranesið eru graseyrarnar; þær eru aðeins fáein fet yfir ána og ganga jafnvel sums staðar yfir í grjóteyrarnar að kalla má. Þar eru sums staðar dælur, leifar af gömlum farvegum og hyljum. Upp undir Múlana hækka graseyrarnar, einkum fram undan giljunum. Er það skrytið að sjá, hvernig smálækirnir gera mishæðótt þar, sem áin hefir sléttað.

Það lítur svo út, sem á einum stað votti fyrir þrepi, sem annaðhvort er á milli 63 feta hjallans og 40 feta hjallans eða á milli hins síðar nefnda og graseyranna, en rigningin hefir ónýtt athugasemdir mínar þar að lútandi og get ég ekki meira um það sagt.

Eins og hjallarnir sýna, hefir áin stundum unnið mest að því að breikka dalinn sinn, en á öðrum tímum hefir starfi vatnsins mest beinzt að því, að grafa sig niður og dýpka dalinn.

Það er ekki neitt smáræði af möl og sandi, sem hjallarnir eru gerðir af, og þó er það enn þá meira, sem áin hefir borið burt. Geta menn af því fengið nokkra hugmynd um það, hve mikla þýðingu streymandi vatnið hefir fyrir yfirborð jarðarinnar. En hér ber nú þess að gæta, að nokkuð af þessu lausagrjóti hefir áin sjálfsagt erfitt — ef svo mætti að orði komast — eftir jökulinn mikla, er hann bráðnaði.

Þessi rannsókn á Laxárdalnum hlýtur auðvitað að vera mjög ófullkomin, en það vona ég þó, að aðalatriðin séu rétt. Það er ekki ólíklegt, að það mætti takast að finna eitthvert þrep milli 230 feta hjallans og 63 feta hjallans. Fyrir ofan eða neðan þá staði, sem ég kom á, gæti t. a. m. vel hafa geymzt hjallabrot, einhvers staðar þar á milli. Stormar og stórrigningar, sem var vanalegasta veðurlagið, hamlaði mér líka frá því að gagnskoða svo þetta svæði, sem ég var að rannsaka, eins og æskilegt hefði verið.

Þess verður að geta, að þeir Páll og Guðmundur Lýðssynir í Hlíð, sem báðir eru óvanalega eftirtektasamir menn, sögðu mér margt, sem kom að gagni við þessa rannsókn.

Ljótt er að sjá, hvernig jarðskjálftarnir hafa farið með Skarðsfjall á Landi; það er allt með nýjum flögum eftir torfurnar, sem hristust utan úr því þá.

Í túninu á Hellum er hellir í móbergi og er hann hafður

fyrir hlöðu; nokkuð af honum hrundi í hræringunum, en hann kvað þó taka 300 hesta af heyi enn. Annar hellir í túninu er hafður fyrir lambhús.

Björgulegt hefir verið í þessum sveitum, sé það satt, að þar hafi áður verið grænt gras, sem nú eru blásin hraun og sandauðnir. Og sums staðar er fallett enn þá, eins og t. a. m. grundirnar við Klofa; eða hvar má sjá eins yndislegt vatnsfall eins og Ytri-Rangá hjá Svínhaga, þar sem hún líður fram milli grænna bakka, spegilslétt og svo tær, að því verður ekki lýst.

Víða á söndunum eru farvegir eftir stóreflis vatnsrennsli, og er einkennilegt að sjá það, þar sem hvergi er deigur dropi nálægt. Þessir lækir munu ekki vera lifandi nema í leysingum, en þá lítur líka út fyrir að þeir séu miklir. Allt rigningarvatnið sígur niður og kemur fram í lindum hér og hvar undan hraununum.

Jörðin Keldur hefir sjálfsagt fengið nafn sitt á þeim tímum, þegar kelda þýddi sama sem lind.¹⁾ Hvergi eru fallelgri lindir en þar. Þær vella þar upp undan túbrenkkunni hljómsterkar og vatnsmagnaðar og tvinnast saman í breitt skínandi fagurt lækjarband, en niður með læknum bullar víða hvítfreyðandi vatnið undan bakkanum.

Á Keldum bjó, eins og kunnugt er, Ingjaldur Höskuldsson, og í bæjardyrhurðinni er slitinn og forn eirhringur, sem er sagður vera úr skipi Ingjaldar, en líklega er hann nú yngri.

Á Reynifelli kvað vera mjög mikið um gamlar hleðslur í jörðu, og væri sjálfsagt fróðlegt fyrir fornfræðinga að koma þangað.

Manni dettur annars oft í hug Njála þarna austur frá; Knafahólar minna á Gunnar, en sjálfur Þríhryningur, sem rís eins og brattur múrveggur upp yfir héraðið, minnir einkum á Flosa.

En Þríhryningur minnir líka á önnur og meiri stórtíðindi en þau, sem Njála segir frá. Hann stendur eftir eins og skör fjallendis, sem brotnaði og sökk niður, svo að Suðurlandsundirlendið varð til.

En þegar heljarbjörgin í djúpinu haggast eitthvað í skorðum, þá skelfur jörðin.

1) Að minnsta kosti er engin kelda þar til (í nútíðarmerkingu þess orðs), sem bærinn hefði getað dregið nafn af.